

Umsókn íbúasamtaka Vesturbæjar vegna verkefnisins „Vesturbær – Hreyfibær“

Upphæð: 1.200.000

Tengiliður: Ásta Olga Magnúsdóttir, Símanúmer: 6973424, Netfang:

ibuasamtokvesturbajar@gmail.com

Íbúasamtök Vesturbæjar sækja um styrk til Hverfisráðs Vesturbæjar, til að meta þörf á aðstöðu til íþróttaiðkunar og heilsueflandi hreyfingar innan hverfisins. Meta þarf hinna ýmsu félaga og hópa fyrir aðstöðu sem nýtist íþróttaiðkun og hreyfingu. Hvernig nýta megi þau grænu svæði sem enn eru til staðar innan hverfisins og hvernig best megi koma til móts við breiðan hóp iðkenda hverskyns íþróttar og heilsueflandi hreyfingar í Vesturbænum.

Reykjavíkurborg veitti nýlega kr. 100.000 í rekstur og starfsemi Íbúasamtaka Vesturbæjar.

Verkefnið verður unnið í samráði við aðstandendur Vesturbæjarskóla sem er nýorðinn Réttindaskóli og verkefnið mun leitast við að gera skólann sýnilegri í hverfinu. Einnig verður leitast við að þátttakendur úr nemenda og foreldrahópi komi úr ólíkum hópum og endurspegli á einhvern hátt hið fjölbjóðlega samfélag í skólanum en 28 tungumál alls eru töluð af börnum skólans.

Umsögn skrifstofu: Verkefnið gengur út að Íbúasamtök Vesturbæjara vilja ráða ráðgjafa í skipulagi, lýðheilsu, sálfræði og fleiri faggreinum til að meta þörf á aðstöðu til íþróttaiðkunar og heilsueflandi hreyfingar innan hverfisins. Tilgangur verkefnisins er góður en það er óljóst hvort og þá hvernig verkefnið muni nýtast íbúunum. Þá er matsatriði hvort að verkefnið fellur að tilgangi hverfissjóðs eins og honum er lýst í 1. gr. úthlutnunarreglna sjóðsins.